

Föstudaginn 22. júní 1990.

Nr. 238/1990. Ásgeir Sigurjónsson

gegn

Ólafi Guðmundssyni.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Karl Gauti Hjaltason, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, kvað upp hina kærðu úrlausn.

Sóknaraðili hefur með vísan til 1. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. apríl sl., sem barst Hæstarétti 15. júní sl. Hann kveðst kæra „úrlausn þinglýsingardómarans í Keflavík frá 26. mars 1990 um „leiðréttingu“ samkvæmt 27. gr. þinglýsingalaga á dagbókarfærslu skuldabréfs varnaraðila, sem út var gefið 28. júní 1989, merkt í þinglýsingardagbók (bifreiðabók) sem skjal nr. A-592/89“. Krefst sóknaraðili þess, „að framangreind „leiðrétting“ verði felld úr gildi og lagt verði fyrir þinglýsingardómarann að skipa fjárnámum sóknaraðila á 1. veðrétt bifreiðarinnar KR-904 í þinglýsingarbók (bifreiðabók) svo sem þau voru færð í upphafi“. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrlausn þinglýsingardómarans verði staðfest og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Þinglýsingardómari hefur samkvæmt 3. gr. þinglýsingalaga sent Hæstarétti eftirfarandi skýringar:

„I.

Með bréfi til embættisins dags. 1. mars 1990, krafðist Ásbjörn Jónsson hdl., þess fyrir hönd Ólafs Guðmundssonar, Holtsgötu 9, Reykjavík, að leiðrétt yrði veðsetning á bifreiðinni KR 904, sem er Scania 111 árg. 1978, og að skuldabréf, sem hann á að höfuðstól kr. 800.000,- útgefið 28. júní 1989, verði á 1. veðrétti og gangi á undan öðrum veðkröfum. Kröfu sína um leiðréttingu studdi hann þeim rökum að Ólafur Guðmundsson hefði farið með skuldabréfið til embættisins þann 6. júlí 1989 og óskað eftir þinglýsingu þess á bifreiðina. Þá hafi þinglýsingarbeiðandi greitt fyrir þinglýsinguna

þann sama dag. Síðan segir í bréfi lögmannsins: „Engar athugasemdir voru gerðar varðandi þinglýsingu skuldabréfsins skv. 5. og 6. gr. þinglýsingalaga þegar skjalið var afhent til þinglýsingar. Af óskiljanlegum ástæðum var skuldabréfið ekki fært inn í dagbók þann 6. júlí 1989, heldur 12. júlí s.á., þrátt fyrir ákvæði 6. gr. þinglýsingalaga, sem segir að öll skjöl sem afhent eru til þinglýsingar, skuli færð í dagbók.“

II.

Málavextir eru nánar þessir:

Þann 6. júlí 1989, kom Ólafur Guðmundsson með skuldabréf, dags. 28. júní s.á., til þinglýsingar hjá bæjarfógetaembættinu í Keflavík. Útgefandi bréfsins var Ólafur Haraldsson og var það tryggt með veði í bifreiðinni Scania LBS 111, árg. 1978, sem bar skráningarnúmerið KR-904. Þinglýsingarbeiðandi greiddi fyrir þinglýsinguna sama dag og virðist sem skjalið hafi verið lagt til hliðar vegna þess að eigendaskipti höfðu ekki farið fram hjá Bifreiðaskoðun Íslands, en þinglýsingarbeiðandi var sjálfur skráður eigandi. Skuldabréfið hafði orðið til í viðskiptum þeirra Ólafs Guðmundssonar og Ólafs Haraldssonar, þar sem hinn síðarnefndi keypti Scania-vörubifreiðina af þeim fyrrnefnda. Sama dag fór Ólafur Guðmundsson á pósthúsið í Keflavík með tilkynningu um eigendaskipti og greiddi þar lögbundið gjald. Þann 12. júlí var skuldabréfið stimplað með móttökudagsstimpli, en þann dag gerði lögmaður Ásgeirs Sigurjónssonar tvö fjárnám í bifreiðinni og var þeim þinglýst samdægurs og í samræmi við 1. mgr. 15. gr. laga nr. 39/1978 gengu þau framar skuldabréfinu og var athugasemd um það rituð á skuldabréfið.

Þann 1. mars 1990, barst þinglýsingardómara bréf frá lögmanni Ólafs Guðmundssonar, þar sem krafist var leiðréttingar á veðsetningu á bifreiðinni KR-904, þannig að fyrrnefnt skuldabréf yrði á 1. veðrétti og gengi framar öðrum veðkröfum. Þá lagði lögmaðurinn fram kvittanir um greiðslu stimpil- og þinglýsingargjalds af skuldabréfinu, dags. 6. júlí 1989 og tilkynningu til ökutækjaskrár, sem móttokin var á Pósti og síma í Keflavík sama dag. Að tilhlutan lögmannsins barst þinglýsingardómara einnig staðfesting frá Bifreiðaskoðun Íslands um að eigendaskipti hefðu verið innfærð í ökutækjaskrá mánudaginn 10. júlí 1989.

Undirritaður þinglýsingardómari taldi, að taka hafi átt skuldabréfið inn í dagbók strax þann 6. júlí 1989, þegar það var afhent til þinglýsingar, sbr. ákvæði 6. gr. þinglýsingalaga. Svo virðist sem við móttöku skjalsins hafi verið ætlunin að varðveita skjalið þar til eigendaskipti kæmu fram í ökutækjaskrá Bifreiðaskoðunar Íslands. Með staðfestingu frá bifreiðaskoðuninni hefur komið í ljós, að eigendaskiptin voru færð í ökutækjaskrá þann 10. júlí 1989, eftir að tilkynning um þau hafði verið lögð inn á pósthús í Keflavík 6. s.m.

Að svo komnu máli taldi undirritaður þinglýsingardómari ljóst eftir gögnum málsins og að teknu tilliti til 2., sbr. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja frá 15. desember 1988, að eigi hefðu verið neinir þeir gallar á margumræddu skuldabréfi þann 6. júlí 1989, sem kæmu í veg fyrir, að það væri fært inn í þinglýsingardagbók. Jafnframt var ljóst að útgefandi skuldabréfsins var orðinn skráður eigandi bifreiðarinnar KR-904 þann 10. júlí 1989, og skjalið þá tækt til þinglýsingar. Eigendaskipti að bifreiðinni hafi farið fram þann 6. júlí 1989, þó að Bifreiðaskoðun Íslands hafi ekki formlega fært eigendaskiptin inn í ökutækjaskrá fyrr en 10. júlí s.á. Af einhverjum ástæðum var skuldabréfið þó ekki fært inn í dagbók fyrr en 12. júlí s.á., sama dag og fyrrnefnd fjárnám bárust til þinglýsingar.

Þinglýsingardómari taldi sér fært að nýta leiðréttingarheimild 27. gr. þinglýsingalaga, jafnvel þótt um lausafé skv. VII. kafla væri að ræða, en þar er þó eigi vísað í leiðréttingarheimild 27. gr. laganna. Hins vegar geta komið upp tilfelli þar sem leiðréttingar á veðsetningum bifreiða er þörf, rétt eins og um fasteignir, ef færsla er röng eða mistök hafa orðið um þinglýsinguna. Undirritaður taldi því rétt að verða við beiðni um leiðréttingu á veðsetningu bifreiðarinnar, þannig að skuldabréfið teldist á 1. veðrétti og gengi framar fyrrnefndum fjárnámum. Jafnframt var skuldabréfið áritað með eftirfarandi: „Leiðrétting skv. 27. gr. þingl.laga. Athugasemd afmáð með vísan í 27. gr. l. 39/1978, sbr. 1. og 2. mgr. 20. gr. rgj. um skráningu ökutækja frá 15. desember 1988. Móttökudagsetning skjals þessa leiðrétt.“ Í samræmi við 1. mgr. 27. gr. þinglýsingalaganna var leiðrétting þessi tilkynnt lögmanni fjárnámshafa og lögmanni Ólafs Guðmundssonar, með ábyrgðarbréfi dags. 26. mars

1990.“

Skuldabréf það, sem hér um ræðir, er útgefið af Ólafi Haralds-syni. Hann var skráður eigandi framangreindrar bifreiðar í bifreiðaskrá 10. júlí 1989, og varð skuldabréfinu réttilega þinglýst á bifreiðina eftir það samkvæmt 3. mgr. 47. gr. þinglýsingalaga. Varnaraðili hafði þá afhent skuldabréfið til þinglýsingar, og var það í vörslum þinglýsingardómara. Skjölum annarra rétthafa varð því ekki síðar þinglýst, svo að í bága færi við rétt sóknaraðila. Þinglýsingardómara var því rétt samkvæmt lögjöfnun frá 1. mgr. 27. gr. þinglýsingalaga að leiðrétt mistök sín, svo sem að framan greinir. Ber því að staðfesta hina kærðu úrlausn.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hin kærða úrlausn þinglýsingardómarans í Keflavík skal vera óröskuð.

Kærumálskostnaður fellur niður.
